

## Fyrsti fundur Foreldrafélags Sjálandsskóla 21. nóvember 2016

Viðstaddir:

Edda Björg Sigurðardóttir skólastjóri

Eva Hrönn Jónsdóttir formaður

Eva Rós Stefánsdóttir gjaldkeri

Jóhannes Kjartansson meðstjórnandi

Þórunn Sveinbjarnardóttir meðstjórnandi

Fundurinn var haldinn í Sjálandsskóla kl 17:15

Edda skólastjóri byrjar fundinn með nokkrum punktum frá sér.

- Hún kynnir nýja lestrargreiningu sem á að notast við eftir áramót, byggir á fimm atriða skimun sem framkvæmd verður í 3. - 7. og 9. bekk.
- Segir frá minnisblaði sem á að senda til bæjarstjóra Garðabæjar, það fjallar um hvernig unnt sé að gera Sjálandsskóla að raunhæfum kosti fyrir unglinga. Stefnt er að því að efla unglingadeildina með áherslu á listir og skapandi vinnu. Einnig eru uppi hugmyndir um að skólinn mætti vera sýnilegri og auglýsa starfsemi sína, en til hans kemur mikið af erlendu fagfólki til starfa í lengri og skemmri tíma. Þessa starfsemi mætti t.d vekja athygli á með umfjöllunum í Garðapóstinum.
- Eva Hrönn biður um netfang fyrir hönd foreldrafélagsins, Edda tekur vel í það og segir okkur að það hafi verið notast við áður.
- Eva Hrönn kemur á framfæri þeim ábendingum sem félaginu bárust á aðalfundinum varðandi öryggismál og Námfús.
- Edda yfirgefur fundinn

Stjórn skiptir með sér þeim embættum sem náðist ekki að manna á Aðalfundi

- Eva Rós í embætti ritara
- Jóhannes í embætti varamanns í skólaráði
- Þórunn í embætti varamanns í Grunnstoð

### Eva Hrönn fer yfir aðferðir til að auka sýnileika félagsins

- Ákveðið að senda út póst til kynningar um félagið, þar komi fram frásögn af aðalfundinum, auglýsing fyrir facebook síðuna og fólki bent á að fljótlega verði send rukkun í heimabanka frá félaginu.
- Þessi póstur fer frá okkur eftir að fundargerð frá aðalfundi er tilbúin og farin inn á síðu skólans en stefnt er að því að þar verði fundargerðir aðgengilegar héðan í frá, þá sendir sendir Eva Hrönn póst á Lindu sem sendir fyrir okkur póst á foreldra

### Farið yfir störf bekkjarfulltrúa og lagt á ráðin um upplýsingagjöf til þeirra.

- Fyrst um sinn mun foreldrafélagið senda þeim tölvupóst með nauðsynlegum upplýsingum, t.d um nýja stjórn hjá okkur og praktísk atriði varðandi utanumhald bekkjakvölda og hvaða aðföng séu í boði. Einnig að foreldrafélagið sé til taks ef bekkjarfulltrúar þurfa frekari upplýsingar.

### Þá voru undirrituð skjöl varðandi bankaviðskipti félagsins

- Eva Rós kjörinn gjaldkeri tekur að sér að fara með pappírana í bankann og fá þar umboð fyrir reikningnum.

### Síðan ræddum við um jólaskemmtunina

- Ákváðum að halda hana 9. desember .
- Þórunn ætlar að hafa samband við skemmtikraft fyrir okkur.
- Einnig var ákveðið að félagið bjóði uppá piparkökur, kaffi og kakó.

### Fundi slitið kl 18